

# Heimskringla.

VIII. ÁR.

WINNIPEG, MAN., 15. DESEMBER 1894.

NR. 50.

## DÁINN

### Sir John Thompson,

stjórnarformaður í Canada.

Um hádegis- og miðvikudaginn 12. þ. m. slaug sú óröglega og sorglega fregun yfir höfði, að þá samstundis hefði Sir John Thompson orðið bráðkvaddur í Windsor kastalanum á Englandi. Sir John var að yfir 4. líti hraustur og trúður þess vegna margir ekki fyrstu fregninni, gátu ekki trúð að honum hefði verið kipt burtu svo ónæglega og á beina aldri (hann var rétt fimtugur), og sendu svo fyrirspurn til Sir Charles Tupper í Lundúnum, sem þegar sendi skýlaust svar, að hann væri virkilega dáinn.

Á þriðjudag var hann boðaður frá Lundúnum vestur til Windsor, til að vera næstgustur hjá Victorinu drottningu og til þess þar að vinna embættiseldinn sem meðlimur leyndarráðsins brekka á miðvikudagsmorguninn, og þá gerði hann líka. Fundur þessu var haldinn undir eins á eftir og metti hann þar og flutti stutta ræðu, en kvartaði um, að hann væri ekki vel frískur og það þess vegna meðráðendur sína að afsaka, þó hann segði minna en vænta metti. Á fundinum loknum, rétt um hádeg-

Jóli s. á., er hann var kjörinn yfir-réttardómari. Premur árum síðar var hann boðinn að fylla lið Sir John A. Macdonalds á dominion-þingi, því karli þóttist lífið til að meta væntanlegum áhlaupum Edwards Blake, efir Riels uppreisnina norðvestra. Sagði Sir John Thompson þá af sér dómarsambættinu 25. Sept. 1885 og var kjörinn dómarmálastjóri í Dominion ráðaneytinu og þeirri stöðu hélt hann til dauðadags. Vorð 1891, þegar Sir John A. Macdonald dó, varð hann forvígismaður stjórnarinnar í neðri deild á þingi og í raun og veru stjórnarformaðurinn, þó Sir John Abbott heldi nafninu þangað til hann sagði af sér 25. Nóv. 1892. Árið 1888 var hann seldur riddara-nafnbótinni Sin fyrir framkomu hans í flekviðabættunni við Bandaríkin. Og nú var hann seldur þeim mikla heiðri, að vera kjörinn meðlimur dómarmálastjórnarinnar í leyndarráði Breta, hæsta ráði veldisins, fyrir sína frögu framkomu í Bæringssunds-mál-inu í París í fyrra.

Í eðli sínu var Sir John Thompson miklu hneigðari fyrir rósam-



SIR JOHN S. D. THOMPSON,  
THE DECEASED PREMIER.

is, gekk hann ásamt öðrum til snæðings, og meðan þeir sátu undir borðum, hneig hann niður örendur. Gerðist það svo fljótt, að þegar leknirinn kom að, og sem ekki þurfti nema ganga út einu herbergi í annað, var ekkert lífsmark með honum.

Um undanfarinn tíma hafði hann oft kvartað um slappleik við vini sína, er kundu því um, að hann væri alt of bundinn á skrifstofunni og hefði of litla hreyfingu. En, sem sagt, var ekki af ytra áliti hægt að sjá, að nokkuð gengi að honum. Við lík-skoðunina var sannað að hjartveiki varð banamein hans.

#### SIR JOHN SPARROW DAVID THOMPSON

var fæddur í Halifax, Nova Scotia, 10. Nóv. 1844. Hann var af frskum settum; faðir hans, John Sparrow Thompson, flutti til Nova Scotia frá Waterford á Írlandi og varð þar inn-an skammt prentastofustjóri hins opin-bera. Eftir að hafa lokið alþýðu-skólanámi gekk Sir John á "Frikirkju academy", svo nefnt, í Hallifax, og nam þar lög. Útskrifaðist hann þaðan og fékk leyfi til að sækja mál og verja fyrir yfirretti fylkisins fékk hann árið 1869. Árið 1878 var hann kjörinn dómarmálastjóri í Nova Scotia og 1882 tók hann við formensku fylkisstjórnarinnar, 25. Maí um vorið, en sagði af sér 25.

heimilislífi, en byltingarnar og braskið, sem fylgir opinberri stöðu. Hann var seinn að lofa, enda víðurkent af andvígismönnum ekki sjóð en hin-um, að aðráttur hjá honum væri betri en lofofð hjá mörgum öðrum. Rétt-læstíflunng hans var svo rík, að einn af andvígismönnum hans á þingi sagði eftir sinni samtali um ákveðið mál á þingi, að ef Sir John áliti það rétt, þá væri það búið, en ef hann á-liti það rangt, gæti ekki allur þing-heimur knúð hann til að ljá því líð sitt. Máliskur var hann ágætlega, en allar ræður hans lýstu fyrst og fremst skarpskygni og festu, en höfðu minna að geyma af tilbúfambinu, sem fjöldinn dást að. Það er enda ekki langt síðan einn af ákvæðamestu andvígismönnum hans á þingi sagði um hann, "að Sir John hugaði skarp-ara og væri hlífðarlausari vandlæti en nokkur annar maður á þingi." Hvað svo sem segja má um suma af flokksbræðrum hans, þá er það eitt víst, að enginn getur með sönnu til-einkað honum nokkra vassameandi athöfn. Hans hendur eru hreinar.

Sir John létur eftir eftir sig 6 börn, 3 syni, hinn elsti 18 ára og ný-ótskrifaður frá Lundónaháskólanum, og 3 dætur, hin elzta þeirra uppi um konin og er nú á söngskóla í París.

Lík Sir Johns var flutt til Lund-óna á fimtugdaginn og stóð þar uppi í kópískri kyrkju þangað til á föstu-dag. Verður það síðar flutt yfir haf-ði til Halifax á brekku herskipi.

## FRÉTTIR.

### DAGBÓK.

#### LAUGARDAG 8. DES.

Ferdinand greifi De Lesseps, hinn alkunni verkfræðingur, lést í Parísar-borg í gærkvöldi, 89 ára gamall, var fæddur í Versailles á Frakklandi 19. Nóv. 1805. Hann varð heimsfregur fyrir þrekviki sitt, er hann á fám árum gerði Suez-akurðinn mikla, frá 1857 til 1869. Nafni sínu hélt hann og á lofti sem heimsins frægasti verk-fræðingur, fyrir tilraunirnar að grafa skurð um Panamasiðið, tilrunni, sem höfðu svo sorglegan endir fyrir gam-alsmenn og skyldfólk hans.

Fregn frá Armenía til blaði í Vin-arborg, segir að heill hópur kvenna hafi fleygt sér fram af háum klettum og ofan á grjótið niðri fyrir, heldur en lenda í klóm Tyrkja, er söttu að þeim og unkringu þær.

Áætlað er að yfir 12 milj. bush. af hveiti hafi verið flutt út frá Manitoba austur til hafnastaða með gufuskípum á stórvotum. Par af föru rúm-lega ein milj. bush til Duluth og það-an austur.

#### MwNUPAD 10. DES.

Stjórnardóttur Roseberry's á Eng-landi er hræddur um sig nú, af því flokksmenn hans verða undir hver um annan þveran í aukaköningum. Er talað um að kalla samfan ráðaneytið og ræða um hvort ekki muni heppi-legra að breyta stefnunni að einhverju leyti.

Kona var myrt til fjár í Minne-apolis nú nýlega og er nú upp komið, að 3 eða 4 menn voru valdir að. Hún var í lífsbýrð upp á \$10,000, hafði fengið peninga til láns hjá einum morð-ingjandum og gaf honum lífsbýrðina sem veð.

Tyrkjaströndir ætla að senda rann-sóknarnefnd til Armenía, og mun fyr-irættun hennar að gefa út skýrslu, er lýsi allar veðsögur þaðan meira og minna óannar. En nú er svo komið að Bandaríkjaforseti hefir orðið við á-skurun Englendinga og lofað að senda Bandaríkjamann, konsúl í Tyrklandi, með nefndinni.

#### ÞRIÐJUDAG 11. DES.

Verzlana-brun stórvægleg eiga sér stað í Nýfundlandi.

Montreal-sýningarfélagið hefir á-kveðið að hjálpa til að koma þar á fót heims-sýningu, sumarið 1895. For-stöðumaður félagsins er tekst í fang að koma upp allsherjar-sýningu er Eng-land, einn af umboðsmönnum Breta á heims-sýningunni í Chicago og síðar forvígismaður félagsins, er kom á fót miðvetrar-sýningunni í San Francisco.

Ársþing verkmanafélagsins: "Ame-rican Federation of Labor" stendur yfir í Denver, Colorado. Heiðursgestur þar er John Burns, þingmaður verkalyða-sins brekka.

Austurríkis keisari staðfesti í gær frumvarpið um ein og sömu hjónavígslu lög í Austurríki. Tveir önnur alþýð-lög endurbótalaug staðfesti hann og sam-dægur og er almennt fagnuð yfir því í ríkinu. Um þessi lög var greini-legar getið í Hkr. 18. Okt. síðastl.

#### MIDVIKUDAG, 12. DES.

Fellibylur ölli mikla lífs og eigna tjóni í suður-Bandaríkjum í gær.

Skarpar ræður í gær í efri deild congressins um að Bandaríkjaströndir teki að sér að grafa "Nickaraga-skípa-skurðinn". Áætlaður kostnaður \$35 milj. Þar af ná búið að eyða \$1 milj. Járnbauta-skýrslur framlagðar á congressi sýna, að í allri Ameríku (Norður og Suður) eru nú fullgerðar 218,871 mjólar af járnbautum; í Evrópu allri 141,329, í Asíu 23,219, í Afríku 7,212 og í Ástralíu 12,685 mjólar.

#### FINTUDAG, 13. DES.

Goodridge-stjórni í Nýfundlandi sagði af sér í gær, hafði verið fús til að gera það fyrr, er hún sá hve stórvægi-lega hún var í minni hluta, en govern-örinn vildi ekki undan láta fyrr en í fulla hnefna. Óvænalega gróf verzl-ana-brun er í Nýfundlandi. Bank-er og verzlana-líka hver um aðra þvera og alt stendur fast.

Maður að nafni Charles Foward, búið 12 mjólar frá Langenburg í Þing-vallenglandinni, reyndi að myrða bró-

ur sinn, William, á þriðjudaginn, hjó hann og saxaði, holti yfir hann steinöllu og kveikti svo í. Flóði hann svo, en William tókst að slökkva eldinn með því að velta sér í snjónum, og var hon-um litlu síðar bjargað. Í gær fannst svo Charles frosinn til dauða í kofa sín-um; hafði kveikt eld í kjallaranum og ætlað honum að brenna húsið og sig með, en ekkinn gerði engan skaða.

Strætisvagnalestir rákust saman í göngunum undir Chicago-inni á Wash-ington Street í Chicago í gærkvöldi; meiddust þar 12 menn og er einn þeirra síðan dáinn.

Fregnbret öll til Bandaríkja-stjórn-ar áhrærandi Armeníu-níðingsverkin, voru lögð fyrir congress í gær.

#### FÖSTUDAG, 14. DES.

McKenzie Bowell var í gær kosinn til að mynda nýtt dominion ráðaneyti og verður því næsti stjórnarformaður, til bráðabyrðna að minnsta kosti.

Nýfundnalandstjórni sendi á-skurun til Bretastjórnar um hjálp, þegar verzlana-brunin dundi yfir eyjarnar, en fékk nei.

Skýrslur lagðar fyrir congress sýna, að tilraunir Bandaríkjaströndar að kenna Indíánum hermennsku, eru til einskis. Þeir verða ekki notaðir til þess.

#### Mount Rainier að breytast.

Fyrir skömmu breiddist sú fregn út, að eldsambrot væru í hinu mikla fjalli Rainier (öðru nafni "Tacoma") í Washington-ríki. Á morgni hins 21. Nóv. höfðu ýmsir átt að sjá reykjarströk mikinn standa upp úr fjallinu. Aðra stundina átti reykurinn að hverfa, eða því sem næst, en aðra stundina gaus hann hátt í loft upp. Enginn eldur fylgdi og hefir ekki orðið vart við hann síðan, en fjallið hul-ði í skyjamekki þangað til 1. Des. Þá rofaði til og gamli Rainier skaut skjallhvítum skalla upp úr kólgauni.

"Innan stundar," segir "Post-Intelli-gencer" í Seattle, varð loftið hreint og klárt og sást hnjúkurinn einkar greini-lega." Fjallið er um 70 mjólar í suður frá Seattle, en þá sjálfan það sést mundi enginn ætla það meir en 20-30 mjólar í burtu. Í þetta skifti ruku allir til að skoða það með stuðkun-arglerum og kom öllum saman um, að talssverð breyting væri orðin á fjalls-toppinum. Eins og til stóð voru að visu 8 gnúpur á hnjúkunum, en nú voru þær nærri jafnar á hæð, þar sem ein þeirra var fyrrum lang-hæzt. Er það ætíð manna að snjó-fláki mikill af þessari hæstu hyrnu hafi losnað og hlaupið niður hinar bröttu hlíðar, að þannig hafi gnýpan lekkað, og, að af skriðhlaupinu hafi mynd-ast gufuströkur, sem blandinn leir og sandi, hafi til að sjá verið eins og svartur reykur. Þó sást hvergi í ber-an klett eftir, eða ekki fremur en verið hafði, því hér og þar gæfist öf-nilega ávartar bjarghyrnur út úr gadd-inum. Það hafði líka gengið snjó-veður mikið og hríðar, frá því skrið-an hljóp (?), svo kinn nýfallni snjó-erðilega huldí alt fjallið og áannaði mönnum að gízká á hvað skriðan var mikil.

#### Bati að lokum.

SAGA STÚLKA EINNAR FRÁ LONDESBOBO.

Leið þungar kvalir og var gjarnn að fá svima. Blóðið var orðið vatnslítt. Gat ekki gengið upp stiga. Hvern-ig hún náði heilu.

Tekið eftir Clinton News Era.

Miss "Kate" Longman er ung stúlka 22 ára gömul og býr hjá móður sinni í smotru þorpi, sem kallað er Londresboro sex mjólar frá Clinton. Þær eru báðar vel þekktar og njóta hylli nágranna-sinna. Blóðið "New Era" hafði komist að því, að Miss Longman hefði um langan tíma verið veik og svo komið til heilsu aftur fyrir brúkun meðals, sem nú er orðið mjög algengt. Blóðið sendi því fregnir sín til þess að fá frekari upplýsingar þessu viðvikjandi. Við fregnir sín sagði Miss Longman, að ef frásaga sín gæti komið einhverjum að gagni, þá væri hún áttátt með að láta opinbera hana í bláði. Hún sagði: "Ég var lengi mjög aum, ég var máttill, og horuð og leið stundum af óberileg-um kvöllum í bakinu. Blóðið var eins og vatn, og ég fékk af og til svo vond aðsvið, að ég gat ekki gengið upp stiga hjálparstætt. Ég reyndi ýmsa lekna og lekniðsöma, en það varð árangurs-laus. Áð lokum eftir að ég hafði marg-sinnis séð í blaðinu "New Era" sögur um að ýmsir hefðu leknast með Dr. Williams' Pink Pills, áfróð ég að reyna þær einnig, og afleiðingin varð sú, að

## Ekkert er eftirtektaðverðara

..... en hið lága verð á .....

## YFIRHOFNUM

Karlmanna, Drengja, Unglinga og Barnafötum, Ullar-nærfötum, Yfirskyrturnum, Vettingum, Glófum, Moccasins o. s. frv. — Alt verður selt án

tillits til verðs í

## WALSH'S Clothing House.

Vér höfum aðlega fengið mikið af karlmanna og drengja yfirhöfum sem verða seldar fyrir ótrúlega lítið. Það þarf ekki stóra peninga-upphæð til að kaupa sér heilmikið af fatnaði frá því 1. dag og út næstu viku í WALSH'S CLOTHING HOUSE. — Einnig höfum - vér ný karlmannaföt úr finu svörtu Worsted og skoðu vadmáli, og verðið á öllum þessum varningi er óheyrilaga lágt. Þetta ár höfum vér meira og margbreyttara upplag af drengja og barnafötum en nokkrusinni áður.

## YFIRHAFNIR!

Góðar yfirhafnir verða um tíma seldar fyrir \$3.75. Ágætis vetraryfirhafnir úr Frieze og Nap, með kragen og belti og fíðræðar með beita fíðri verða seldar á \$7.50.

## WALSH'S Clothing House.

T. M. WALSH.

515 og 517 Main Str. , gegnt City Hall.

mér fór þegar að batna. Kvalirnar lindust og ég fór að styrkjast og náði að lokum fullri heilsu aftur". Þegar þarna var komið sögnum, kom Mrs. Longman inn, og þegar henni var sagt í hvaða erindagærdum að komuður-inn var, sagði hún: "Dr. Williams' Pink Pills er hið mesta lyfti sem þekkt er, og þær hafa leknast stólkuna svo að hún hefir ekkert fundið til veikinda sinna, síðan hún brúkaði þær. Miss Longman er nú hin blómlegasta og þakkar það alt Dr. Williams' Pink Pills "The New Era" veit um marga, sem á sama hátt hafa leknast eigi með þessu framúrskarandi meðali.

Dr. Williams' Pink Pills eru óygr-andi við öllum sjúkdómum, sem koma af slæmu blóði og taugaveiklun svo sem ríði, gisti, linfallssýki, mjaðma-gigt, influenza, matarölyst, höfnðverk, svima, langvarandi útbrotum o. s. frv. Þær eru einnig ótrúlegar við sjúk-dómum, sem eru einkennilegir fyrir kvenfólk, svo sem óreglulegar og of litlar tíðir og allskonar líkamsvæklun. Þær bæta blóðið og útlitið. Þær leikna einnig afleiðingar af ofþreitu og óhöfi af hvaða tegund sem er.

Dr. Williams' Pink Pills eru tilbún-ar af Dr. Williams' Medicine Co., Brock ville, Ont., og Schenectady, N. Y., og eru seldar í öskjum (aldrei lausar í tylvta eða hundradavís) á 50 cents askja en eða 6 öskjur á \$2.50 og fast. hjá öll-um lyfshöfum eða með pósti frá Dr. Wil-iams Medicine Co., frá báðum hinum ofangreindu stöðum. Varið yður á eft-irteilingum, sem seldar eru í tylvta og hundratall.

## Orðabelgurinn.

### KVEÐJA

til Miss Christina Thordarsen, skóla-kennara við Þingvallanýlenduskóla, frá skólabornum síðasta skóladag 1894.

Við nú hér söfnuast saman hinn síðsta skóladag og hér sé gneð og gaman, og gleði syngjum lag til heiðurs hefðar svánna, sem hefir kent oss margt, og vísað veginn sanna, sem verður öllum þarft.

Við höfum margan morgun hér mynduð bræðralag, en þín var öll umsorgun þá oss í sannan há; í hegðun allri og orði gafst eftirdæmin trú, er háði og hrekkiun forði, þess helzt við þinnumst nú.

Hún Christina fróðleik fræddi, þá, fylgdi nokkuð meir: hún elski í oss gleddi sem aldrei burtu deyr; í samri öll við eining þá eina höfum þrá.

það er vor mæruast meining þig mettum aftur sjá.

Þú kendir okkur öllum að elska frið og speki, þú varðir veika föllum, en vundu galatu sekt, þú kildir oss í eining, að einni meita-lind, það var þín vörmost meining, að verðum fögur mynd.

Þú okkar öskubjörtn svo ógjall, hrein og tár, hér lýstir ljóð björtn, sem logar, elsku mæ, og þó að frá oss lýsi, sem finst oss mesta þraut, að öskum ljóð það lýsi á lífs ökomna þraut.

En þig ei frá oss lýsi, þú finnum við í raun, og harðar hulduldir hér hafast við á laun, þær okkur löngum leiga, um lífsins króka stig, en veg þinn guð mun greiða og gæta og vernda þig.

Og þú, vor mæra móðir, þú mannst um eil þín börn, þú veist um veikun bróðir, sem var hér dag sérhvern, þú veist að sár það sviður og sérir hjörtun hrein og sá á bág, sem biður, ef þregast að leiknist meiri.

Í sönnun fer þú friði, oss fyrst ei auðnast má; oss lengur sért að líði, semn löngun vor og þrá. Ó þú vor móðir mæruast, sem ment og heiður ber, þín minning mun oss kærast á meðan lífum hér.

I. L.

## VEIT

HÆSTU VERÐLAUN A HEIMSYNINGUNNI



DR. PRICE'S CREAM BAKING POWDER. ID BEZT TILBUNA. Oblönduð einberja Cream of Tartar Powder. Ekkert álþ, ammonia eða önnur óhöll efni. 40 ára reyndu.